

AFSTAÐA

FÉLAG FANGA OG ANNARRA ÁHUGAMANNA UM BÆTT FANGELSISMÁL OG BETRUN

Umsögn

um drög að reglugerð,
um afplánun ungra fanga
á aldrinum 15 – 18 ára

október 2014

Um talsmenn fanga skv. 43.gr. laga nr. 49/2005:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og koma fram fyrir þeirra hönd“

LITLA-HRAUN

820 EYRARBAKKA

KT. 580205-1430

Afstaða hefur engar athugasemdir við einstakar greinar við drög innanríkisráðuneytisins um afplánun ungra fanga á aldrinum 15 – 18 ára.

Þó hefur Afstaða ákveðnar athugasemdir er varða vistun ungra fanga.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 19/2013. Ísland gerði fyrirvara við **grein 37.c.** þegar sáttmálinn var fullgiltur, en greinin hljóðar svo:

„Aðildarríki skulu gæta þess að:

.....

c) Farið sé mannúðlega með hvert það barn sem svipt er frjálssræði sínu og af virðingu fyrir meðfæddri göfgi manna og með þeim hætti að tekið sé tillit til þarfa einstaklings á þeim aldri sem um

ræðir. Einkum skal halda hverju því barni sem svipt er frjálssræði sínu aðskildu frá fullorðnum, nema

ef talið er að því sé fyrir bestu að gera það ekki, og á barn rétt á að halda tengslum við fjölskyldu sína

með bréfaskriftum og heimsóknum, nema sérstaklega standi á.

Fyrirvari Íslands:

„With respect to article 37, the separation of juvenile prisoners from adult prisoners is not obligatory

under Icelandic law. However, the law relating to prisons and imprisonment provites that when deciding in wich penal institution imprisonment is to take place account should be taken of, inter alia, the age of the prisoner. In light of the circumstances prevailing in Iceland it is expected that decisions

on the imprisonment of juveniles will always take account of the juvenile´s best interest.“

Umboðsmaður barna skilaði skýrslu til Barnaréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna árið 2010 þar sem gagnrýnd var staða barna í fangelsum, sérstaklega að ekki skuli vera kveðið á um í íslenskum lögum um aðskilnað frá fullorðnum föngum (bls. 14).

http://barn.is/media/19029/ub_skyrsla_til_barnarettarnefndar_sth_2010.pdf

Innanríkisráðherra, Ragna Árnadóttir, skipaði vinnuhóp árið 2010 (skipaður embættismönnum) sem skilaði skýrslu til ráðherra um afplánun sakhæfra barna, enda hafði ætlun Alþingis verið að fullgilda Barnasáttmálann á 20 ára afmæli samningsins, 16. mars 2009.

Það markmið náðist ekki m.a. vegna þess að skilyrði 37. gr. c. samningsins hefur ekki verið tryggt með lögum hér á landi. Tillögur hópsins utu að þremur möguleikum:

1. Setja á fót sérstakt unglingafangelsi.
2. Útbúa sérstaka einingu í einu af 5 fangelsum landsins.
3. Byggja upp sérstaka einingu á meðferðarheimili Barnaverndarstofu.

Fallið var frá því að mæla með 1. lið. Niðurstaðan varðandi 2. lið var að við slíkar aðstæður yrði erfitt að vinna með fanga og stuðla að betrun þeirra og bættri líðan.

Því var niðurstaða vinnuhópsins sú að sérstök eining yrði útbúin innan eins af þremur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu.

http://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_vinnuhops_31.05.10.pdf

Því telur Afstaða með öllu óásættanlegt að Alþingi Íslendinga skuli ekki fullgilda Barnasáttmálann, án fyrirvara, og uppfylli slíka alþjóðasamninga – sem kveða í raun eingöngu á um sameiginlegan lágmarksstaðal þjóða heims. Að ekki skuli stefnt að því að uppfylla slíkar alþjóðaskuldbindingar, sérstaklega þegar þau varða börn, heldur farið í að lögfesta fangelsun barna yngri en 18 ára – og setja um það reglugerð – er með öllu óþolandi.

Afstaða hvetur því stjórnvöld Íslendinga til að fullgilda Barnasáttmálann, svo og aðra sáttmála Sameinuðu þjóðanna, án fyrirvara – enda er tilgangur þeirra einungis sá að tryggja lágmarksréttindi borgaranna.

Akureyri, 09. október 2014.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður